

## Fyrirspurn

til viðskiptaráðherra um heildarskuldir og vaxtabyrði í íslenska lánakerfinu.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur og Jóhanni Ársælssyni.

1. Hverjar voru heildarskuldir í íslenska lánakerfinu í árslok 1995 og 2001 og hvernig skiptust þær á
  - a. ríki,
  - b. sveitarfélög,
  - c. einstaklinga,
  - d. fyrirtæki,
  - e. stofnanir, sjóði og aðra aðila?
2. Hver var heildarvaxtabyrði í íslenska lánakerfinu árin 1995 og 2001 og hver hefði hún orðið miðað við meðaltal vaxta á evru-svæðinu annars vegar og hins vegar meðaltal vaxta í OECD-löndum? Svarið óskast sundurliðað á sama hátt og í fyrri lið.

Skriflegt svar óskast.